

Mál nr. 166/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 23. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 23. febrúar 2018 um kl. 21.00 hafi M slasast er hann rann í hálku fyrir utan meðferðarstöð sem rekin er af X. Var M á göngu frá vistarverum sjúklinga yfir að kirkju sem staðsett er í um 100 metra fjarlægð. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu á þeim grundvelli að tjónið megi rekja til vanrækslu og gáleysis af hálfu starfsmanna X, en á þeirri saknæmu háttsemi ber X skaðabótaskyldu á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Þegar slysið varð hafi verið rigning og hávaðarok en dagana á undan hafi snjóað talsvert og hlánað á víxl, þannig að svellbunkar og blautur snjór voru yfir öllu svæðinu. Aðstæður hafi verið varhugaverðar en þátt fyrir það hafi skjólstæðingum X verið gert að fara gangandi frá meðferðarkjarnanum yfir í kirkjuna. Malarplanið hafi verið þakið svelli, blautt og flughált og hafi hvorki verið sandborið né saltað áður en haldið var út. Mannbroddar hafi ekki verið í boði né annar búnaður til að verja þá falli í hálkunni og rokinu og starfsmenn hafi ekki leiðbeint sjúklingum um val á leið að kirkjunni. Hafi mæting í kirkjuna verið hluti af skipulagðri meðferðardagskrá og hafi M talið sér skylt mæta. X hafi samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, reglugerð nr. 786/2007 og þjónustusamningi um starfsemi sjúkrahússins, borið að tryggja aðbúnað og öryggi skjólstæðinga í meðferðarúrræðum sínum. Vísar M máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 251/2005 og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3652/2011.

V tiltekur í bréfi sínu til nefndarinnar að málsaðilum beri ekki saman um það hvar atvikið átti sér stað. V vísar til upplýsinga frá X um að slysið hafi átt sér stað við kirkjuna og að samkvæmt vitni hafi M verið að stytta sér leið þvert yfir hálkusvæði í stað þess að fylgja leiðbeiningum um að ganga eftir öruggri leið ofan við bílplan kirkjunnar. Einnig hafi M verið í kúrekastígvelum. V staðfestir að mannbroddar hafi ekki verið til staðar en sjúklingum hafi verið leiðbeint að ganga örugga leið ofan við hálkuna, meðfram gróðri enda hafi aðstæður verið óvenjulegar þetta kvöld. Skjólstæðingar X hafi séð um að hálkuverja við húsið og reykisvæði og daginn sem slysið átti sér stað höfðu skjólstæðingar X hálkuvarið svæðið að morgni til og yfir daginn eftir þörfum. Kirkjuferðir hafi verið valkvæðar og hafi M átt að vera fullljóst hvernig aðstæðurnar voru úti þennan daginn og um kvöldið. Með vísan til þessa telur V að slysið megi ekki rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að þegar atvikið átti sér stað hafi aðstæður verið óvenjulegar en mikil hálka hafði myndast á gönguleið að kirkjunni. Mátti M því vera ljóst að aðstæður voru varhugaverðar er hann gekk af stað í átt að kirkjunni. Engin gögn styðja fullyrðingar M um að fullnægjandi leiðbeiningar hafi skort eða að starfsmenn X hafi á annan hátt sýnt af sér gáleysi í störfum sínum. Telst fullyrðingin því ósönnuð og ber M hallann af þeim sönnunarskorti. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir